

Nd. **792. Frumvarp til laga** [442. mál]
um breyting á jarðræktarlögum, nr. 56 30. mars 1987.
(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar greiðist ekki framlag úr ríkissjóði til nýræslu mýrlendis, sbr. a-lið II. tölul., né heldur til nýræktar túna sem unnin er á árinu 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heyfengur síðustu ára hefur verið mikill og með minnkandi bústofni virðist núverandi túnstærð vera nægjanleg. Telja verður því að ekki sé sem stendur þörf á aukinni nýrækt túna til heyöflunar. Af þeim sökum er eðlilegt að auka við ákvæði 10. gr. eins og hér er lagt til.